

Skrifstofa borgarstjórnar
Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Vegna erindis EFS varðandi eftirlit og eftirfylgni með virkni innra eftirlits Reykjavíkurborgar

Hinn 28. október sl. sendi skrifstofa borgarstjórnar innri endurskoðanda erindi eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS) dags. 11. s.m. til meðferðar. Í erindi EFS er óskað upplýsinga um hvort bættir hafi verið verkferlar Innri endurskoðunar um tilkynningar og eftirfylgni með úrbótum vegna frávíka og verkferlar umhverfis- og skipulagssviðs með tilliti til notkunar fjárheimilda. Með bréfi þessu er leitast við að svara þeim hluta erindis EFS er snýr að verkferlum Innri endurskoðunar.

Í bréfi EFS dags. 11. október 2019 segir m.a.:

Við yfirferð EFS á svörum Reykjavíkurborgar virðist niðurstaðan sú að eftirlitsferlar Reykjavíkurborgar hafi brugðist. Innri endurskoðun gerði úttekt á starfsemi Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar en eftirfylgni vegna athugasemda og ábendinga var ábótavant, og formlegri tilkynningu til endurskoðunarnefndar var ekki sinnt. Jafnframt virðast viðbrögð bæði endurskoðunarnefndar og ytri endurskoðanda hafa verið áfátt, jafnvel þó að upplýsingar innri endurskoðunar hafi ekki borist með formlegum hætti, sem í sjálfu sér hefði líka átt að kalla á athugasemdir af hálfu endurskoðunarnefndar. EFS telur að þessi aðilar hefðu átt að óska formlega eftir útskýringum þegar vitneskja um málið lá fyrir.

Þar sem af svari Reykjavíkurborgar verður ekki ráðið hvort úrbætur hafi verið gerðar, óskar EFS hér með eftir upplýsingum um hvort verkferlar innri endurskoðunar um tilkynningar og eftirfylgni með úrbótum vegna frávíka og verkferlar umhverfis- og skipulagssviðs með tilliti til notkunar fjárheimilda, hafi verið bættir.

Undirritaður óskaði eftir fundi með eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) til þess að greina frá eðli starfsemi innri endurskoðunar og verklagi. EFS varð við þeirri beiðni og vísast hér til umræðu og upplýsingagjafar sem fram fór á fundi með nefndinni hinn 12. nóvember sl. Þar var gerð grein fyrir því að sú ályktun að eftirlitsferlar Innri endurskoðunar hafi brugðist eigi ekki við rök að styðjast þar sem eftirfylgni Innri endurskoðunar vegna athugasemda og ábendinga er fram komu í skýrslu um skrifstofu eigna og atvinnuþróunar frá árinu 2015 var að sönnu sinnt bæði með ráðgjöf og beinni staðfestingavinnu. Vísast til þess að Innri endurskoðun grundvallar starfsemi sína á alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun (The IIA's International Standards for the Professional Practice of Internal Auditing (IPPF)). Í samræmi við IPPF 2500 skipuleggur Innri endurskoðun eftirfylgni með ábendingum sem komið er á framfæri við viðeigandi stjórnvald og hefur skýra verkferla um utanumhald með ábendingum. Í innri endurskoðunaráætlun sem lögð er fyrir endurskoðunarnefnd og borgarráð er greint frá fyrirhuguðum eftirfylgniúttektum.

Þá er jafnframt vísað til þess er fram kemur í svari innri endurskoðanda til borgarritara dags. 14. maí sl. og fylgdi svari borgarstjóra við bréfi EFS til borgarstjórnar Reykjavíkur varðandi eftirlit og eftirfylgni með virkni innra eftirlits Reykjavíkurborgar dags. 18. mars sl. Í því bréfi kemur fram að eftirfylgni Innri endurskoðunar var bæði skipulögð og tímasett og auk þess staðfest af endurskoðunarnefnd og borgarráði



með samþykki á endurskoðunaráætlun fyrir árin 2018–2019 sem var lögð fram á fundi endurskoðunarnefndar hinn 17. nóvember 2017 og í borgarráði hinn 14. desember s.á. í samræmi við ákvæði alþjóðlegra staðla um innri endurskoðun. Í samþykkttri innri endurskoðunaráætlun var ráðgert að ljúka eftirfylgniúttektinni í júlí árið 2018 en eins og fram kemur í fyrrnefndu svari undirritaðs var tekin ákvörðun um að fresta frekari eftirfylgni þar til nýr skrifstofustjóri tæki við störfum. Sú ákvörðun var tekin í apríl 2018 en eins og kunnugt er varð ekki af því að sá nýráðni skrifstofustjóri kæmi til starfa.

Innri endurskoðun vinnur eftir þeirri meginreglu að miðla niðurstöðum úttekta til viðeigandi aðila, þ.e. þeirra sem geta tryggt að niðurstöðurnar verði teknar til tillýðilegrar skoðunar. Hvað varðar þá ályktun EFS að formlegri tilkynningu til endurskoðunarnefndar hafi ekki verið sinnt er vísað til þess sem áður hefur komið fram að endurskoðunarnefnd er undirnefnd borgarráðs og að Innri endurskoðun lagði fram og kynnti skýrslu með niðurstöðum stjórnssýslu- og rekstrarúttektar á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar á fundi borgarráðs þann 4. júní 2015. Skýrsla Innri endurskoðunar var þar með opinber og öllum aðgengileg enda var hún að loknum fundi borgarráðs birt á heimasíðu Innri endurskoðunar.¹ Að auki skal upplýst að þáverandi formaður endurskoðunarnefndar fékk skýrsluna í tölvupósti haustið 2015 auk þess sem hún var sett inn á lokað vinnusvæði á sérstökum skjalavef endurskoðunarnefndar þar sem hún var aðgengileg öllum fulltrúum í endurskoðunarnefnd.

Um þá ályktun EFS að endurskoðunarnefnd og ytri endurskoðendur hefðu átt að óska formlega eftir útskýringum þegar vitneskja um málið lá fyrir skal upplýst að innri endurskoðandi á reglulega fundi með ytri endurskoðendum þar sem farið er yfir málefni og áhættumat hvors annars. Á einum slíkum fundi árið 2015 var fjallað um umrædda úttekt Innri endurskoðunar á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Í kjölfarið óskuðu ytri endurskoðendur eftir því að fá skýrsluna senda. Við því var orðið og skýrslan send formlega með tölvupósti haustið 2015. Það ásamt því að fulltrúar í endurskoðunarnefnd fengu skýrsluna inn á skjalasvæði sitt og gerð var grein fyrir úttektinni í starfsskýrslu innri endurskoðanda til endurskoðunarnefndar með formlegum hætti svarar í raun þeirri athugasemd EFS um að endurskoðunarnefnd hefði átt að gera athugasemd við upplýsingagjöf Innri endurskoðunar til endurskoðunarnefndar og ytri endurskoðenda.

Virðingarfyllt

Hallur Símonarson,

innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

¹ sjá heimasíðu IE: https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/skyrsla_-_uttekta_a_skrifstofu_eigna_og_atvinnuthrounar_-_mai_2015_0.pdf